

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0010
LA

Efni: Efnistaka við Kópsvatn, Hrunamannahreppi. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna stækkunar á efnistökusvæði E28 í landi Kópsvatns, austan við Hvítá. Áform eru um að stækka efnistökusvæðið úr 1,5 ha í 24 ha og að efnistaka verður bæði í lausu efni (möl, jökulleir) og í föstu efni (bögglaberg). Heimilað verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um matsskyldufyrirspurn. Fyrirhugað efnistökusvæði er ekki innan svæðis á náttúruverndarsvæði Kópsvatn og Kópsvatnseyrar (HV8) liggur vestan og austan við efnisnámuna. Kópsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Efnistökusvæðið samanstendur af túni og öðru landi sem ber nokkur merki um rask, en samt sem áður má gera ráð fyrir þó nokkru varpi fugla innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins. Fram kemur í greinargerð að fjölbreytt fuglalíf er við hverfisverndarsvæðin og svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi. Á framkvæmdatíma er þörf á að taka tillit til fugla á varptíma, sem og þess gætt að efnistaka hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi votlendi við Kópsvatn.

Veðurstofa Íslands hefur gefið út skýrslu um hættumat vegna vatnsflóða í Hvítá í Árnessýslu og Ölfusá¹ og skarast efnistökusvæðið við flóðahættusvæði. Full ástæða er að taka tillit til þessarar náttúruvár en fram kemur í greinargerð að almennt verði árbökkum ekki raskað þar sem þeir virki sem náttúrulegur varnargarður.

Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á fullu umhverfismati vegna stækkunar á efnistökusvæði E28, en vissulega þarf að taka tillit til hverfisverndarsvæðanna, fuglalífs og náttúruvár. Æskilegt er að efnistökunni sé áfangaskipt til að lágmarka áhrif hennar á lífríkið.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

¹ Emmanuel Pagneux, Matthías Á. Jónsson, Bogi B. Björnsson, Sif Pétursdóttir, Njáll F. Reynisson, Hilmar B. Hróðmarsson, Bergur Einarsson og Matthew J. Roberts, 2019. Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá. Veðurstofa Íslands, VÍ-2019-013. (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013_.pdf)